

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/650**2023/EES/8/17****frá 20. apríl 2022**

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 um nákvæmar skilgreiningar á akefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar á natríumdíasetati (E 262(ii)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 14. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ⁽²⁾, einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ⁽³⁾ er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á akefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.
- 2) Uppfæra má nákvæmar skilgreiningar á akefnum í matvælum í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.
- 3) Hinn 3. ágúst 2020 var lögð fram umsókn um breytingu á nákvæmum skilgreiningum varðandi matvælaaukefnið natríumdíasetat (E 262(ii)). Umsóknin var gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 4) Í reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er kveðið á um að natríumdíasetat (E 262(ii)) skuli innihalda 39 til 41% af óbundinni ediksýru og 58 til 60% af natríumasetati. Umsækjandinn fór fram á breytingu sem er á þá leið að óbundin ediksýra verði 39 til 43% og natríumasetat verði 57 til 60%.
- 5) Samkvæmt umsækjanda fæst hvarfhlutfallsleg afurð sem inniheldur 42,3% af óbundinni ediksýru við framleiðslu á natríumdíasetati (E 262(ii)). Umsækjandinn fullyrðir að það útheimti of mikla orku að minnka innihald óbundinnar ediksýru niður í 39–41%. Hækkun á efri mörkum fyrir óbundna ediksýru í 43% stytir því þurrktímann meðan á framleiðslunni stendur sem leiðir til minni orkuþarfar og þar með sjálfbærari framleiðsluferlis.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 119, 21.4.2022, bls. 65. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 298/2022 frá 9. desember 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á akefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtið. ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

- 6) Samkvæmt umsækjanda eru engar aðrar breytingar á framleiðsluferlinu, meira magn af óbundinni ediksýru í natríumdíasetati (E 262(ii)) hefur ekki áhrif á öryggi og að öðru leyti er fullunnin vara sú sama, þ.e. hún inniheldur engin önnur óhreinindi en þau sem tilgreind eru í reglugerð (ESB) nr. 231/2012.
- 7) Starfshópur sérfræðinga stjórnvalda um aukefni fjallaði um umsóknina. Að teknu tilliti til upplýsinga sem umsækjandinn lagði fram og endurgjafar sem barst frá starfshópnum taldi framkvæmdastjórnin það ólíklegt að tillögð breyting á nákvæmum skilgreiningum fyrir natríumdíasetat (E 262(ii)) hefði áhrif á heilbrigði manna.
- 8) Þar eð hækkun á efri mörkum fyrir innihald óbundinnar ediksýru í natríumdíasetati (E 262(ii)) úr 41 í 43% er ekki líkleg til að hafa áhrif á heilbrigði manna er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu í samræmi við 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 9) Því ætti að breyta viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. apríl 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað línunnar fyrir magngreiningu undir „skilgreining“ í færslunni fyrir „natríumdíasetati (E 262(ii))“ í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 kemur eftirfarandi:

„Magngreining	Inniheldur 39 til 43% af óbundinni ediksýru og 57 til 60% af natríumasetati“
---------------	--